

Nr. 20-074 S 052 Þinganes SF 25***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2970
IMO 9844746
Útgerð: Skinney-Þinganes hf.
Smíðaður: Noregi 2018, stál
Stærð: 611 bt
Mesta lengd: 28,93 m Skráð lengd: 26,66 m
Breidd: 12 m Dýpt: 6,6 m
Vél: YANMAR 2019, 580 kW
Fjöldi skipverja: 13



Þinganes©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. maí 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. maí 2020 var togveiðiskipið Þinganes SF 25 á veiðum á SV miðum. Veður: N 10 m/sek. og sjólitíð.


Skipverji var á vinnsluþilfari að tína upp fisk sem hafði farið út af fiskflokka. Hann fór upp á flokkanann og stóð á skjólborði með annan fótinn (*rauð ör á mynd 1*) og studdi hnénu upp við vinkel þar fyrir ofan. Þá opnaðist myndgreiningarhólf (*græn ör á mynd 1*) á hægri fótinn þannig að hann missti jafnvægið og vinstri fóturinn féll niður á færíbandið, sem var í gangi, með þeim afleiðingum að hann klemmdist og fótbrotnaði. Siglt var með slasaða til Grindavíkur.



Mynd 1 Rauð ör sýnir skjólborð flokkanans og græn myndgreiningarhólf

Við rannsókn kom fram:

- að flokkarinn var í gangi þegar slasaði fór upp á hann til að ná til fisksins;
- að þegar slasaði var að athafna sig ofan á flokkaranum fór hann með aðra hendina undir myndgreininguna sem þá opnaði hólfíð og slasaði missti fótfestuna;



Mynd 2 Örvarnar sýna neyðarstöðvunarbúnaðinn

- að slasaði náði sjálfur að stöðva færibaldið undir flokkaranum með neyðarstöðvunarbúnaði sem var lína sem lá eftir endilöngum flokkaranum (*sjá mynd 2*);
- að endurbætur voru gerðar á neyðarstöðvunarlínunni. Línan sem var grá á litin fyrir slysið var skipt úr fyrir rauða eins og mynd 2 sýnir. Einnig voru gerðar endurbætur á fiskflokkaranum og sett upp betri skjólborð til að koma í veg fyrir að fiskurinn gæti kastast út úr flokkaranum;
- að fiskflokkarinn var framleiddur af Völku;
- að ekki hafði verið gert áhættumat um borð í skipinu eins og reglur kveða á um.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að straumur að fiskflokkaranum var ekki rofinn áður en skipverjinn fór upp á flokkarann.